



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Í hugum okkar eru börnin ímynd heilbrigðis og lífsorku. Við hlökkum til að sjá þau rísa á fætur af eigin rammleik, ganga og hlaupa. Við fögnum fyrstu orðunum og varðveitum í minningunni þær gleðistundir þegar hjalið breyttist í samtalsbrot.

Bernskuárin eiga að vera tími hamingju og áhyggjuleysis, undirbúningur fyrir erfiði og þrautir sem við teljum flest að ekki knýi dyra fyrr en síðar á ævinni.

Örlogahjólíð snýst því miður oft á þann veg að mörg börn þurfa að þola langvarandi veikindi. Þau eru dæmd til að glíma við lífshættulega sjúkdóma og hindranir á brautum heilbrigðis og heilsu. Þau verða að helga sig baráttu sem mörgum hinna eldri reynist ofviða.

Krabbamein, hjartveiki, sykursýki, flogaveiki, psoriasis og aðrir alvarlegir sjúkdómar herja á ótrúlegan fjölda barna í okkar litla samfélagi.

Við þekkjum flest dæmi um fjölskyldur sem hafa lagt allt í sölurnar – oft um áraradír – til að færa börnum sínum þrek og úthald á langri þrautagöngu.

Við höfum fagnað árangri lækna og hjúkrunarfólks sem með fórnfýsi nýta framfarir í vísindum og tækni til að veita börnum lífsvon og heilbrigði á ný.

Við verðum þó öll að viðurkenna að enn er margt ógert í aðbúnaði og aðstoð við langveik börn og fjölskyldur þeirra – og hér getum við hvert og eitt komið til hjálpar.

Umhyggja er heildarsamtök félaga sem helguð eru málefnum langveikra barna, vettvangur fyrir samstarf um aukin réttindi, fræðslu, umönnun og fjáröflun. Starf Umhyggju og aðildarfélaganna hefur þegar skilað verulegum árangri. Samt bíða enn mörg verkefni og heilsa barna og ungmenna er í húfi.

Ég árna Umhyggju heilla á komandi tíð og hvet þig, lesendi góður, til að hugleiða hvað við getum gert til að létta langveikum börnum glímuna við erfiða lífsþraut.

(sign.)